vandamönnum hans til viðurværis og nauðsynja, og eru að eins þær tekjur undan- 67
teknar, sem fást á þann hátt, að maður eyðir höfuðstól sínum eða tekur lán. Enn frem- 30. apríl.
ur eru í 3. grein nefndra laga, að eins undanþegnar frá skatti þær árstekjur af jarðeign-
um, er samanlagðar nema ekki 50 kr. Þegar þessa hvorstveggja er gætt, virðist vanta
heimild til, að undanþiggja hina áminnztu 2 gjaldþegna frá að greiða skatt af árstekjum
af eignum sínum.

Um leið og jeg skýri yður, herra sýslumaður, frá þessu, til þóknanlegrar leiðbein-
ingar og ráðstöfunar, vil jeg út af þeim öðrum spurningum, sem áminnzt brjef yðar inni-
heldur, tjá yður, að jeg, eins og þegar er tilkynnt sýslumanninum í Dalasýslu með brjefi 3.
febrúar þ. á. (Stjórnartíð. B. 22), verð að álíta það skyldu yfirskattanefndarinnar, að
endurskoða nákvæmlega skrár skattanefndanna, rannsaka það, sem í þeim þykir óljóst eða
rángt, og eptir ástæðum lagfæra það. Með því ekki er nefnt fardaga ár í 6. gr. laga
14. desember 1877, verð jeg að álíta, að þar sje átt við almanaks árið, bæði með tilliti
til eignarskatts og atvinnuskatts.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vestur umdæminu um* hom- 68
öopatameðöl — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir með brjefi 20. marz þ. á. tjáð mjer, 2. maí.
að hinu konunglega heilbrigðisráði hafi verið sendur kassi sá, með homöopatiskum með-
ölum, tilheyrandi prestinum sira Jakobi Guðmundssyni, sem lagt var löghald á í Reykja-
vík 31. ágúst f. á. ásamt skýrslu frá landlækni viðvíkjandi kassa þessum; en að meðölin
hafi, þá er átti að rannsaka þau, reynzt svo útþynnt að ómögulegt hafi verið að sjá, hvað
í þeim væri.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og
birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

Fundaskýrslur amtsráðanna.

A

Fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 2. og 3. dag júlímánaðar 1878. 69

Fundurinn var haldinn á Akureyri af forseta amtsráðsins, amtmanni Christjans-
son, með amtsráðsmönnum Arnljóti presti Ólafssyni og Einari Ásmundssyni.

Á næstliðnum vetri höfðu farið fram í sýslunefndum umdæmisins kosningar til
amtsráðsins í stað þeirra er úr því voru gengnir, amtsráðsmanns Jóns Sigurðssonar og
varaamtsráðsmanns J. P. Havsteins. Flest atkvæði hafði fengið Arnljótur prestur Ólafs-
son að Bægisá og þar næst Davíð prófastur Guðmundsson að Reistará.

Amtsráðið tók til umræðu þau mál, er hjer eru talin.

1. Forseti lagði fram landshöfðingjabrjef 13. okt. f. á. ásamt brjefi frá formanni bú-
naðarfjelags suðuramtsins 12. s. m. og reikningi frá Sveini búfræðingi Sveinssyni 9.
s. m. Landshöfðingja brjef þetta með fylgiskjölum hljóðaði um ferðakostnað Sveins
búfræðings síðastliðið sumar norður í Eyjafjörð til að skoða Staðarbyggðarmýrar, að
upphæð 98 kr. 60 aura; í öðru lagi um 150 króna endurgjald frá norður- og
austurumdæminu til búnaðarfjelags suðuramtsins fyrir það, er Sveinn tafðist mánað-
artíma (frá 25. júlí til 25. ágúst) á þessari skoðunarferð frá störfum sínum í suður-
amtinu, og í þriðja lagi gjörði Sveinn kröfu til 23 kr. 33 aura, sem ógreiddra af